

Áskorun til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra frá Landssambandi kvenna í Frjálslynda flokknum.

AÐ SJÁ TIL LANDS, GERIR GÆFUMUNINN.

Eftirfarandi lausnir eru skjótvirkastar og verði framkvæmdar strax og gildi þar til ríkisstjórnin hefur fundið þá réttu leið til að koma til móts við fjölskyldur og fyrirtæki í landinu til frambúðar sem nú horfa fram á dimma daga og vonlitla framtíð og lífa í mikilli örvæntingu sem ekki sér fyrir endann á.

- Fólkið í landinu þarf að sjá til lands til þess að það geti haldið áfram lífinu og tekið þátt í þjóðfélaginu.
- Gefa öllum kost á lengja í fasteignalánum um 100% hvort sem um er að ræða erlend myntkórfulán eða verðtryggt lán.
- Þeir sem hafa lán til 25 ára breyta lánum til 50 ára.
- Þeir sem hafa lán til 40 ára breyta lánum til 80 ára.
- Með aðgerðum sem þessum erum við að tala um svipað afborgunarhlutfall hjá hverri fjölskyldu og var fyrir hrunið mikla.
- Með þessum aðgerðum erum við að koma hjólum atvinnulífsins af stað með því að auka neyslu meðal þjóðarinnar sem skilar sér í ríkissjóð.
- Varðandi erlendu lánin, þar þarf ríkisvaldið að koma að, og semja við erlenda lánadrottna íslenskra fjármálastofnanna.

Við teljum brýnt að núverandi ríkisstjórn, ríkisstjórn fólksins í landinu sýni viljann í verki með því að framkvæma umrædda aðgerð strax því heill og heilsa einnar þjóðar er í húfi.